



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 131/23
komudagur 5.11/2004

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 05.11.2004
EÖD

Vísað er til erindis hæstvitrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar FÍŚ, áður Samtaka verslunarinnar, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, 159. mál.

Eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu er markmiðið með þessari breytingu að gera móður- og dótturfélögum kleift að vera ein skattaleg eining þannig að heildarvirðisaukaskattur allra félaganna verði jafnhár og hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi.

FÍŚ telur að um mikið framfaraskref sé að ræða og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst f. h. FÍŚ


Einar Örn Davíðsson, hdl.



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 131/24
komudagur 5. 11. 2004

Reykjavík 4. nóvember 2004
Tilv. FLE 9-2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Málefni: Frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 159. mál.

Með bréfi dags. 20. október sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórsson
formaður

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 131/2
komudagur 26.10.2004

Alþingi,
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar,
c/o nefndasvið Alþingis,
v/ Austurvöll,
150 REYKJAVÍK.


25. október 2004
Tilvísun: 2004100036

Efni: Mál nr. 159, breyting á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt


Fjármálaeftirlitið hefur fengið framangreint mál til umsagnar og gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem þar koma fram.

Virðingarfyllst,


FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Hilmar F. Thorarensen



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 130/17
komudagur 4.11.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1.11.2004
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um 159. mál (virðisaukaskattur)

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 20. október 2004 þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um virðisaukaskatt.

Kauphöll Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Arnína st. k.
Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.



Alþingi
Erindi nr. P 131/245
komudagur 29.11.2004

Skattasvið

Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími: 545 6000
Fax: 545 6001

Netfang: reykjavik@kpmg.is
Veffang: www.kpmg.is

Til Efnahags- og viðskiptanefnd
Péturs H. Blöndal

Dagsetning 23. nóvember 2004

Frá Skattasviði KPMG

Tilvísun 2004123_umsögn.doc

Afrit Fjármálaráðherra
til Ríkiskattstjóri

Frekari upplýsingar vegna umsagnar KPMG um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. þingskjal 159 – 159 mál, dags. 15. nóvember 2004.

Hinn 11. október 2004 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. þingskjal 159 – 159 mál.

Í umsögn dags. 15. nóvember 2004 gagnrýndi skattasvið KPMG frumvarpið og taldi það ekki ná tilgangi sínum. Í kjölfar fundar með efnahags- og viðskiptanefnd hinn 16. nóvember 2004 og eftir lestur á umsögn ríkiskattstjóra, dags. 22. nóvember 2004 hafði KPMG samband við KPMG í Danmörku og aflaði frekari upplýsinga vegna málsins.

Hér á eftir er að finna frekari upplýsingar og gögn um málið sem KPMG hefur aflað vegna málsins og rétt þykir að fram komi í málinu.

1. Samantekt

Ítrekað er að það er mat skattasviðs KPMG að með frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt sem lagt var fram á Alþingi hinn 11. október 2004 sé ekki nógu langt gengið og að væntanleg lagabreyting komi til með að hafa lítil sem engin áhrif á starfsemi íslenskra hlutafélaga og einkahlutafélaga. Skattasvið KPMG vinnur náið með mörgum af stærri fyrirtækjum landsins og þessi fullyrðing um að frumvarpið muni ekki nýtast íslenskum fyrirtækjum er sett fram eftir að fyrirtækin hafa skoðað málið og komist að þeirri niðurstöðu að frumvarpið muni ekki nýtast þeim. Einnig ber að geta þess að fyrirtæki sem bæði eru skráningarskyld geta sent reikninga sín á milli með virðisaukaskatti og innskattað þann virðisaukaskatt í samræmi við reglur sem fram koma í 15. og 16. gr. laga um virðisaukaskatt. Með hliðsjón af því hefur samskráning engin áhrif fyrir fyrirtæki sem bæði eru skráningarskyld.

Í umsögn sinni telur ríkiskattstjóri varhugavert að taka eitt ákvæði upp úr dönsku lögunum án þess að skoða önnur ákvæði og þá sérstaklega ákvæði um blandaða starfsemi. Í þeim upplýsingum sem KPMG hefur aflaði sér frá Danmörku kemur fram að reglur um blandaða starfsemi eru samhljóða nema að í Danmörku er horft til hlutföllunar í hverri starfsemi. Ríkiskattstjóri telur að slíka reglu megi leiða útfrá 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, sbr. mál sem nú liggur fyrir yfirskattanefnd. Ef að þessi túlkun ríkiskattstjóra á við rök að styðjast þá ber að hlutfalla innskatt í hverri starfsemi fyrir sig og íslenskar og danskar reglur um blandaða starfsemi eru algerlega sambærilegar. Að mati KPMG þá væri með einföldum hætti hægt að tryggja að virðisaukaskattur verði hlutfallaður innan hvers fyrirtækis (og starfsemi fyrir sig) með því að bæta eftirfarandi orðum “í hverri starfsgrein”¹ við 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um innskatt. Með þeim hætti væri algerlega komið í veg fyrir að frumvarpið hefði í för með sér að fyrirtæki sem ekki eiga rétt á innskatti geti öðlast hann ef að frumvarpið ásamt þeim breytingum sem KPMG leggur til verði að veruleika.

2. Fyrirspurn skattsviðs KPMG til KPMG í Danmörku.

Hér að neðan er að finna spurningar skattsviðs KPMG og svör KPMG í Danmörku vegna málsins (þau koma skáletruð á eftir spurningunum):

a. When was group registration first allowed in Denmark and how extensive was that first step? Did it allow only taxable companies to get VAT group registration?

“Group registration was allowed with the introduction of VAT in 1967. The provision stated that VAT-registered businesses not owned by the same taxable person could become group registered upon request. Group registered businesses would then be considered one taxable person. The provision made it possible for a company to group register with a subsidiary thus making it possible for these companies to trade goods (to begin with only goods were liable to VAT) without charging VAT.

VAT-exempt businesses were not allowed to join a VAT-group. However, over the years in practice it was allowed to exchange services without charging VAT between a 100 % owned subsidiary and its parent company. As this practice was contrary to EU-rules it was abolished in 1994 and replaced by a change in the Danish VAT Act allowing VAT-exempt companies to join a VAT-group. It was argued that this extension should apply to all businesses financially and economically bound to each other, but unfortunately this was refused by the government. Thus, two or more businesses with both VAT-taxable and exempt

¹ Hugtakið “starfsgrein” er notað þar sem það er í samræmi við hugtakanotkun í virðisaukaskattslögum sbr. m.a. 5. mgr. 24. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sem ríkiskattstjóri vísar til í umfjöllun sinni um frumvarpið.

activities are only allowed to group register if one of the companies fully owns (100 %) all the other companies to be included in the group registration.”

- b. According to information I have from KPMG Denmark the consequences of the group registration regarding input tax is that it is possible to deduct VAT fully on purchases which are related to VAT taxable activities. Input VAT on purchases which are related to both VAT taxable and VAT exempt activities can be deducted partly. Can KPMG in Denmark send me a memo wherein KPMG clarifies rules regarding deductions in a VAT group?**

If group registered company is both selling VAT taxable services and services that is VAT exempt - There is VAT that is related to both activities - What do you do in Denmark, for example :

There is a company group A that owns 100% B, C and D.

- i. A is a VAT taxable company (total turnover in A is 200),**
- ii. B is selling VAT exempt services (total turnover 100),**
- iii. C is selling services that are VAT taxable (total turnover 50) and services that is VAT exempt (total turnover 50) - Total turnover C is 100.**
- iv. D only owns A, B and C (total turnover 0 - there are only expenses in this company.
= The total turnover in the group is 400.**

The group is VAT grouped.

Questions:

- a. In Denmark the group can deduct VAT fully on costs related to company A and taxable activity in company C?**

“The group can fully deduct VAT on costs related to fully taxable activities. Thus, all costs related to company A are fully deductible. Costs related to company C are partially deductible unless the costs exclusively relates to the VAT taxable activities of C.”

b. In Denmark the group can not deduct cost that is related to company B and exempt activity in company C?

“No deduction apply to costs related to VAT-exempt activities. Thus, no costs related to B are deductible. Costs related to C are not deductible if the costs exclusively relate to the VAT-exempt activities.”

c. In Denmark the group can deduct cost that is related to company C in the percentage ?? 50% ? (Regulation 38.3?)

d. In Denmark the group can deduct cost that is related to company D in the percentage ?? $250/400 = 62,5\%$.

On costs for mixed purposes that is both VAT-taxable and VAT-exempt activities a partial deductibility applies. The deductible proportion will be 62,5 % (250 of total 400). If company D is a pure holding company with no VAT-taxable or VAT-exempt activities and the holding company only owns stocks in the companies A, B and C the costs of D must be considered for common use of the mixed activities of the VAT-group thus allowing for partial deductibility of 62,5 %. However, please remark that some doubts still exist to the latter. Danish authorities might argue that costs on pure holding activities are not deductible at all.

c. When a group gets VAT grouping does the group get one VAT number or can the group have many VAT-numbers for each activity, i.e. one for every sector in which the group operates?

“When companies enter into a VAT-group they keep their initial VAT-registration number and the VAT-group decides which of the numbers should apply to the VAT-returns of the group. Company C with mixed activities only have one registration number. Thus, as a starting point VAT-registration numbers are given to the legal entity and not to a certain activity.”

Hér að framan er að finna upplýsingar varðandi samskráningu í Danmörku. Danir virðast ekki eiga í erfiðleikum með samskráningu aðila á virðisaukaskattsskrá og reglur um blandaða starfsemi eru sambærilegar í báðum löndum. Þess ber þó að geta að uppi er vafi varðandi innskattsheimild eignarhaldsfélaga en heimild þeirra til samskráningar varða að lögum 1. júlí s.l.

3. Reglur um blandaða starfsemi

Helstu rök ríkisskattstjóra fyrir því að heimila ekki á þessu stigi samskráningu skráningarskyldra og óskráningarskyldra aðila er sú að hætta sé á að félög sem ekki eru skráningarskyld geti öðlast innskattsrétt sem þau höfðu ekki áður. Að mati KPMG þá verður að telja að reglur um blandaða starfsemi komi í veg fyrir að félög sem ekki eru skráningarskyld geti öðlast slíkan innskattsrétt. Sömu reglur ættu að gilda um fyrirtæki sem ákveður að stunda starfsemi sína innan sömu kennitölu og fyrirtæki sem ákveður að stunda starfsemi sína í móður- og dótturfélögum. Ef að sömu reglur gilda ekki þá er um augljósa mismunun að ræða milli fyrirtækja.

Fjallað er um innskatt vegna blandaðrar starfsemi í 5. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt. Þar kemur fram: *“Virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum og þjónustu, sem keypt er til nota bæði vegna skattskylds þáttar í starfsemi aðila og skattfrjáls þáttar (blönduð not), er heimilt að telja til innskatts í sama hlutfalli og sala skattskyldrar vöru og þjónustu (án virðisaukaskatts) hvers reikningsárs er af heildarveltu ársins“* **(innan hvernar starfsgreinar – tillaga KPMG).**

Eins og kemur fram í kafla 2 hér á undan þá gildir sú regla í Danmörku að hlutfalla beri innskatt innan hvernar starfsgreinar, sbr. ákvæði 3. mgr. 38. gr. dönsku virðisaukaskattslaganna. Fyrir yfirskattanefnd liggur að úrskurða í máli þar sem deilt er um það hvort að hlutfalla beri virðisaukaskatt innan hvernar starfsgreinar, sbr. 1. mgr. 5. gr. Ekki liggur fyrir niðurstaða í máli yfirskattanefndar en skattyfirvöld telja að hlutfalla beri virðisaukaskatt vegna kaupa á vöru og þjónustu í samræmi við heildarveltu í hverri starfsgrein. Regla 1. mgr. 5. gr. reglugerðar um innskatt er ekki óumdeilanleg varðandi þetta atriði. Ef að tilgangur löggjafans hefur verið að heimila einungis hlutföllun virðisaukaskatts innan hvernar starfsgreinar en ekki innan hvers fyrirtækis fyrir sig þá er með einföldum hætti hægt að koma í veg fyrir að 1. mgr. 5. gr. geti valdið misskilningi, sbr. undirstrikaða breytingu í 1. mgr. 5. gr. hér á undan (innan hvernar starfsgreinar er bætt inn í ákvæðið.²

4. Umsögn ríkisskattstjóra

Í umsögn sinni segir ríkisskattstjóri að verði farið eftir tillögum KPMG þá sé um að ræða grundvallarbreytingu á virðisaukaskattskerfinu. Fallast má á að ákveðin breyting felist í því ef

² Skattframkvæmd hefur verið allt önnur en ríkisskattstjóri leggur til í málinu sem liggur fyrir yfirskattanefnd, þ.e. miðað hefur verið við heildarveltu í hverju fyrirtæki fyrir sig en ekki í hverri starfsgrein innan fyrirtækis (Sem dæmi má nefna millilanda- og innanlandsflug). Einnig ber að geta þess að á eyðublaði RSK, 10.27, "Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi", er í raun gert ráð fyrir því að tilgreind sé heildarvelta án tillits til starfsemi (starfsgreinar). Í leiðbeiningum á bakhlið eyðublaðs kemur fram að í reit A skuli færa heildarveltu fyrirtækisins án virðisaukaskatts.

Óskráningarskyldir aðilar geti tengst skráningarskyldum aðilum á virðisaukaskattsskrá. Hins vegar almennar reglur laga um virðisaukaskatt m.a. um blandaða starfsemi, í veg fyrir að þeir öðlist rétt sem þeir höfðu ekki áður.

Hvað varðar fullyrðingar ríkisskattstjóra um freistingar félaganna til að færa innskatt sem ekki er heimilt að nýta þá ber að gjalda varhug við því að láta slíkar fullyrðingar hafa áhrif á þá ákvörðun hvort samskráning sé leyfð eða ekki. Áralöng reynsla Dana í þessum málum hefur einmitt orðið til þess að þeir hafa útvíkkað heimildina enn frekar sbr. lagabreytinguna sem tók gildi 1. júlí sl. Þegar félög sem ekki voru í efnahagslegri (d. ökonomisk) starfsemi fengu heimild til þess að samskrá sig með virðisaukaskattsskyldum félögum og óskattskyldum félögum í atvinnurekstri, sbr. einnig umfjöllun í kafla 2.

5. Lokaorð

Hér að framan er að finna upplýsingar sem KPMG aflaði frá KPMG í Danmörku.

Það er von okkar að þær upplýsi málið til að ákvörðun verði tekin sem nýtist íslenskum fyrirtækjum og komið verði í veg fyrir það misræmi sem er í dag á milli þess að reka starfsemi á einni kennitölu eða að reka starfsemi í fyrirtækjasamstæðu eins og tilgangur laganna er óumdeilanlega.

Að lokum er vert að taka fram að KPMG getur aðstoðað við frekari gagnaöflun sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



KPMG

Meðfylgjandi gögn:

1. Ákvæði 38. gr. dönsku laganna um blandaða starfsemi
2. Upplýsingar úr handbók Told og Skat um virðisaukaskatt.
3. Útrentun úr "Moms í fradragsret" þar sem fjallað er um blandaða starfsemi.

I. Reglur dönsku laganna um blandaða starfsemi.

Hér að neðan er að finna 38. gr. dönsku laganna um virðisaukaskatt en þar er fjallað um innsköttun vegna blandaðrar starfsemi.

§ 38. For varer og ydelser, som en registreret virksomhed anvender både til fradragsberettigede formål efter § 37 og til andre formål i virksomheden, kan der foretages fradrag for den del af afgiften, der forholdsmæssigt svarer til omsætningen i den registreringspligtige del af virksomheden. Ved opgørelse af omsætningen ses bort fra omsætningsbeløb, der vedrører levering af investeringsgoder, som har været benyttet i virksomheden. Som investeringsgoder anses maskiner, inventar og andre driftsmidler, hvis salgspris ekskl. afgiften efter denne lov overstiger 75.000 kr. Der ses endvidere bort fra omsætningsbeløb, som vedrører bitransaktioner vedrørende fast ejendom, og omsætningsbeløb, som hidrører fra passiv kapitalanbringelse, herunder enkeltstående udlån mellem moder- og datterselskaber og mellem søsterselskaber, samt renteindtægter fra købekontrakter og kreditkøbsaftaler, som er indgået i forbindelse med virksomhedens salg og udlejning af egne varer.

Stk. 2. For varer og ydelser, som af en registreret virksomhed benyttes både til fradragsberettigede formål efter § 37 og til virksomheden uvedkommende formål, kan der udelukkende foretages fradrag for den del af afgiften, der skønmæssigt svarer til de pågældende varers og ydelsers fradragsberettigede brug i den registreringspligtige virksomhed.

Stk. 3. De statslige told- og skattemyndigheder kan efter forudgående ansøgning give tilladelse til eller påbyde, at fradragsretten i virksomheder med flere sektorer opgøres særskilt for hver sektor inden for virksomheden. Virksomheden anses for at bestå af flere sektorer, når en afgiftspligtig person har flere virksomheder, der er registreret under et, eller når der er forskellige driftsaktiviteter i samme virksomhed. Fastsættes fradragsretten sektorvis, skal virksomheden føre et særskilt regnskab for hver af disse sektorer.

Stk. 4. Skatteministeren kan fastsætte nærmere regler for opgørelsen af den delvise fradragsret efter stk. 1 og 2.

II. Upplýsingar úr dönsku handbókinni um blandaða starfsemi:

J.2.1.3 Sektorisk opdeling § 38, stk. 3

Efter § 38, stk. 3, kan ToldSkat tillade eller stille krav om, at den delvise fradragsret opgøres særskilt for en del af virksomheden. Hvis en virksomhed har flere sektorer, f.eks. hvis den registrerede virksomhed består af flere særskilte virksomheder, eller hvis en virksomhed har flere forskellige driftsaktiviteter, kan/skal fradragsretten opgøres særskilt for den enkelte sektor. Hvis fradragsretten opgøres sektorvis, skal virksomheden føre et tilsvarende sektørregnskab.

I SKM2003.328.TSS har Told- og Skattestyrelsen som klageinstans truffet afgørelse om, at der kan gives tilladelse til sektorisk opdeling, jf. momslovens § 38, stk. 3, af hver af et selskabs udlejningsejendomme, der udlejes både med og uden moms, jf. momslovens § 51, og § 13, stk. 1, nr. 8.

Selskabet ejer et antal udlejningsejendomme, hvoraf nogle ejendomme:

- fuldt ud udlejes uden moms, jf. momslovens § 13, stk. 1, nr. 8
- fuldt ud udlejes med moms, jf. momslovens § 51
- delvis udlejes med moms, jf. momslovens § 51 og § 13, stk. 1, nr. 8.

Styrelsen er af den opfattelse, at en ejendom kan anses som en virksomhed i relation til momslovens § 38, stk. 3. Styrelsen er endvidere af den opfattelse, at tilladelse til sektorisk opdeling er betinget af, at sektoren har en omsætning, der hidrører fra både momspligtige og ikke-momspligtige aktiviteter, således at sektoren kan opføre en selvstændig delvis fradragsprocent, jf. momslovens § 38, stk. 1, for moms af udgifter, der udelukkende vedrører sektorens aktivitetsområde.

Selskabets fradragsret skal herefter opgøres på følgende måde:

- ingen fradragsret for moms af udgifter, der udelukkende vedrører ejendomme, som udlejes uden moms,
- fuld fradragsret if. momslovens § 37 stk. 1 - med de

begrænsningar, der gælder i lovens § 42 - for moms af udgifter, der udelukkende vedrører ejendomme, som fuldt ud udlejes med moms,

- delvis fradragsret, jf. momslovens § 38, stk. 1, opgjort forholdsmæssigt på grundlag af den enkelte ejendoms momspligtige og samlede omsætning, for moms af udgifter, der udelukkende vedrører den enkelte ejendom, som udlejes både med og uden moms, og som er omfattet af tilladelsen til sektorisk opdeling, jf. momslovens § 38, stk. 3,
- delvis fradragsret, jf. momslovens § 38, stk. 1, opgjort forholdsmæssigt på grundlag af hele selskabets momspligtige og samlede omsætning, for moms af udgifter, der ikke udelukkende kan henføres til én af ovennævnte tre ejendoms kategorier.

Det er en betingelse for at få tilladelse, at der er søgt om det forinden. Der gives således normalt ikke tilladelse til sektorisk opdeling med tilbagevirkende kraft, ligesom der ikke stilles krav om en sådan opdeling med tilbagevirkende kraft.

Udgangspunktet for bestemmelsen er, at en registreringspligtig virksomhed, der anvender varer og ydelser både til fradragsberettigede formål og til andre formål, kun kan foretage delvis fradrag for købsmomsen af indkøbene i forhold til den momspligtige del af virksomheden.

Formålet med bestemmelsen om sektoropdeling er at sikre, at fradragsretten står i et rimeligt forhold til den faktiske anvendelse af de pågældende indkøb, netop fordi købsmomsen kun er fradragsberettiget i det omfang, varerne bruges i den momspligtige del af virksomheden.

Sektoropdeling kan komme på tale i enhver virksomhed, der udøver flere former for aktiviteter, hvor nogle af disse er momspligtige, og andre er fritaget for moms.

Virkning af sektoropdeling Sektorisk opdeling påvirker ikke fradragsretten for omkostninger, der udelukkende vedrører en momspligtig eller en momsfri aktivitet, idet fradragsretten for momsen af sådanne omkostninger vil være henholdsvis fuld og ingen.

Sektorisk opdeling påvirker heller ikke fradragsretten for fællesomkostninger som f.eks. telefon, da fradragsretten for disse omkostninger under alle omstændigheder skal opgøres forholdsmæssigt, jf. § 38, stk. 1.

Derimod har sektoropdeling betydning for fradragsretten for moms, hvor omsætningen inden for et givet aktivitetsområde hidrører fra både momspligtige og ikke momspligtige aktiviteter. Som eksempel kan nævnes en rutebil, der indkører dels momspligtig indtægt (fragt, reklame), dels momsfri indtægt som rutebilkørsel.

Til illustration tjener nedenstående eksempel, som vedrører en vognmandsvirksomhed, der driver virksomhed med 3 aktiviteter, dels hyrevognskørsel (persontransport), der er momsfritaget, jf. § 13, stk. 1, nr. 15, dels rutebilkørsel i form af personbefordring (momsfritaget, jf. § 13, stk. 1, nr. 15) og varetransport mv. (momspligtig), og dels turistbuskørsel, der er en momspligtig aktivitet.

I eksemplet står (mf) for momsfritaget og (mp) for momspligtigt.

Omsætning vedrørende hyrevogne

Personbefordring (mf)		1.500.000 kr.
-----------------------	--	---------------

Omsætning vedrørende rutebiler

Personbefordring	250.000 kr.(mf)	
Fragt og reklame	<u>50.000 kr.(mp)</u>	300.000 kr.

Omsætning vedrørende turistbusser

Personbefordring (mp)		<u>200.000 kr.</u>
-----------------------	--	--------------------

Virksomhedens samlede omsætning		2.000.000 kr.
---------------------------------	--	---------------

Fradragsretten for moms af reparation af en rutebil vil i dette eksempel uden sektoropdeling, jf. § 38, stk. 1 om forholdsmæssig fradragsret, medføre fradragsret for 13 pct. af momsen, fordi omsætningen af momspligtige varer og ydelser skal sættes i forhold til virksomhedens samlede omsætning. Fradragsprocenten fremkommer på følgende måde:

$$\frac{200.000 + 50.000}{2.000.000} \times 100 = 12,5\% = \text{afrundet } 13\%$$

Den tilsvarende fradragsret vil med sektoropdeling i hyrevognskørsel, rutebilkørsel og turistbuskørsel udgøre 17 pct., fordi det er sektorens (rutebilkørsel) momspligtige aktivitet, der skal sættes i relation til sektorens samlede omsætning. Fradragsprocenten fremkommer således:

$$\frac{50.000 \times 100}{300.000} = 16,67\% = \text{afrundet } 17\%$$

Det bemærkes, at de øvrige 2 sektorer fradragsret er uberørt af sektoropdelingen.

I dette eksempel vil virksomheden være interesseret i sektoropdeling, da fradragsretten i så fald er størst.

Det omvendte kan også være tilfældet, og ToldSkat vil da kunne kræve af virksomheden, at den lader sig opdele i sektorer.

Generelt tillades/kan det kræves, at en virksomhed sektoropdeles, hvis momsmæssige forhold af en vis betydning taler for det.



Alþingi
Erindi nr. P 131/98
komudagur 16.11.2004

Skattasvið

Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími: 545 6000
Fax: 545 6001

Netfang: reykjavik@kpmg.is
Veffang: www.kpmg.is

Til Efnahags- og viðskiptanefndar
Péturs H. Blöndal

Dagsetning 15. nóvember 2004

Frá Skattasviði KPMG

Tilvísun 20041511_umsögn.doc

Afrit til Fjármálaráðherra
Ríkiskattstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. þingskjal 159 – 159 mál.

Hinn 11. október 2004 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. þingskjal 159 – 159 mál.

Hér á eftir er að finna umsögn skattasviðs KPMG um frumvarpið.

1. Samantekt

Það er mat skattasviðs KPMG að með frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt sem lagt var fram á Alþingi hinn 11. október 2004 sé ekki nógu langt gengið og að væntanleg lagabreyting komi til með að hafa lítil sem engin áhrif á starfsemi íslenskra hlutafélaga og einkahlutafélaga. Að líkindum munu fá eða engin fyrirtæki nýta sér þá heimild sem verið er að leggja til og lagasetningin þar af leiðandi því sem næst tilgangslaus.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með breytingunni sé opnað fyrir þann möguleika að hlutafélög og einkahlutafélög sem stofnað hafa eitt eða fleiri dótturfélög geti skilað sameiginlega virðisaukaskatti fyrir öll félögin. Af ýmsum rekstrarlegum ástæðum getur verið hagkvæmt fyrir fyrirtæki að vera með atvinnustarfsemi í fleiri en einu félagi, t.d. vegna stjórnunarlegra ástæðna eða atriða sem snerta fjármögnun, ábyrgð eða annað. Staðreyndin er sú að þegar félög ákveða að skipta starfsemi sinni upp í tvö eða fleiri félög þá sé algengara en ekki að eitthvert hinna skiptu félaga sé ekki skráningarskyldur aðili á virðisaukaskattsskrá, t.d. eignarhaldsfélag eða félag sem er undanþegið virðisaukaskatti samkvæmt 1. og 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.

Að mati skattasviðs KPMG þá eiga lög um virðisaukaskatt ekki að setja fyrirtækjum skorður varðandi val á rekstrarformum. Núgildandi lög um virðisaukaskatt setja fyrirtækjasamstæðum

slíkar skorður og hamla hagræðingu í rekstri. Að mati skattasviðs KPMG þá nær frumvarpið ekki tilgangi sínum nema að heimilt verði að samskrá skráningarskyld hlutafélög/einkahlutafélög og hlutafélög/einkahlutafélög sem eru ekki skráningarskyld, sbr. 1. og 3. mgr. 2. gr. og 5. mgr. 5. gr. laga um virðisaukaskatt.

Hér að neðan er að finna tillögu skattasviðs KPMG að breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Tillaga að breytingu:

- Inn komi nýr 2. málslíður 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem orðist svo:
Skattstjóri getur heimilað að skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 1. mgr. 5. gr. verði samskráð með hlutafélögum og einkahlutafélögum sem ekki eru skráningarskyld, m.a. hlutafélögum og einkahlutafélögum sem falla undir 5. mgr. 5. gr. þar sem tekjur af sölu á skattskyldri vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar.
- Inn komi nýr 2. málslíður 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem orðist svo:
Sala á vörum og þjónustu til samskráðs félags sem ekki er skráningarskyld er virðisaukaskattsskyld að því undanskildu að þjónusta sem ekki telst skattskyld skv. 2. mgr. 3. gr. er undanþegin virðisaukaskatti.

Tillaga þessi er í samræmi við dönsku lögina um virðisaukaskatt. Skattasvið KPMG er reiðubúið til að aðstoða Efnahags- og viðskiptanefnd varðandi frekari vinnslu málsins m.a. með því að afla gagna frá Danmörku bæði frá samstarfsaðilum okkar þar í landi og frá dönskum skattyfirvöldum. Einnig ber þess að geta að síðastliðið vor þá skrifaði nemandi við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Björn Jakob Björnsson, B.S ritgerð um samskráningu tengdra aðila á virðisaukaskattsskrá. Ritgerðin var unnin undir handleiðslu Gunnars Gunnarssonar lögfræðings hjá KPMG og kennara við Háskólann í Reykjavík og fóru Björn og Gunnar m.a. út til Danmerkur til að afla gagna og upplýsinga um samskráningu tengdra aðila á virðisaukaskattsskrá. Ritgerðin verður send Efnahags- og viðskiptanefnd og Fjármálaráðuneytinu.

3. Samskráning í Danmörku

Samkvæmt núgildandi 3. mgr. 3. gr. dönsku virðisaukaskattslaganna, nr. 703/2003, er virðisaukaskattsskyldum aðilum heimilt að samskrá sig á virðisaukaskattsskrá.

Nánari útfærslu reglunnar er að finna í 4. mgr. 47. gr. laganna sem að stofninum til er frá 18. maí 1994 (sjá lög nr. 375/1994). Þar kom eftirfarandi fram um samskráningu aðila á virðisaukaskattsskrá:

"Flere afgiftspligtige personer, der udelukkende driver registreringspligtig virksomhed kan efter anmodning registreres under ét. De statslige told- og skatmyndigheder kan tillade at to eller flere afgiftspligtige personer, der driver både registreringpligtig og ikke-registreringspligtig virksomhed, kan registreres under ét. Tilladelse kan kun gives, hvis den ene afgiftspligtig person (moderselskabet m.v.) gennem direkte eller indirekte besiddelse af samtlige aktier m.v. ejer den eller de andre afgiftspligtige personer (datterselskaber, datterdatterselskaber m.v.), der inddrages under fællesregistreringen. Uanset reglerne i 3. pkt. kan de statslige told- og skatmyndigheder dog tillade fællesregistrering, selvom et datterselskabudsteder akrier m.v., der er omfattet af ligningslovens §7A, når udstedelsen heraf er betinget af, at de ved afståelse eller ved medarbejderens død tilbagesælges til selskabet, der er forpligtet til at erhverve disse. Fællesregistrering kan kun ske mellem selskaber m.v., der er erableret her i landet. Anmodning om fællesregistrering skal ske senest 1 måned, inden fællesregistreringen ønskes iværksat."

Nýlega var gerð breyting á 2. máls. 4. mgr. 47. gr., sbr. lög nr. 765/2004 og tók sú breyting gildi 1. júlí 2004.

"De statslige told- og skatmyndigheder kan tillade, at personer med momsregistreringspligtige aktiviteter kan registreres under et med personer med ikke-registreringspligtige aktiviteter og personer uden økonomiske aktiviteter"

Með vísan til framangreindrar reglu í dönsku lögnum er heimilt að samskrá móður- og dótturfélög, systurfélaga sem uppfylla skilyrðið um 100% eignarhald þrátt fyrir að eitt félagið sé ekki í virðisaukaskattsskyldri starfsemi.

3. Lög um virðisaukaskatt geta mismunað fyrirtækjum !

Samkvæmt núgildandi reglum um virðisaukaskatt þá getur heildarvirðisaukaskattur móður- og dótturfélaga orðið hærrí en hann hefði ella orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi. Hér er vert að nefna dæmi til skýringar: A er hlutafélag sem stundar bæði virðisaukaskattsskylda starfsemi og undanþegna starfsemi. A er skipt upp í hlutafélögin A, B, C og D.

A verður eignarhaldsfélag og eina eign þess verða hlutabréf í B, C og D. B verður rekstrarfélag utan um virðisaukaskattsskylda starfsemi, C verður rekstrarfélag utan um undanþegna starfsemi, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt og D verður bókhaldsfyrirtæki sem sér um bókhald, launavinnslu o.fl. fyrir samstæðuna í heild. Fyrir skiptingu A var sú starfsemi sem fram fer í félagi D framkvæmd í sérstakri bókhaldsdeild innan A. Samkvæmt núgildandi reglum um virðisaukaskatt þá bæri félagi D að gera reikning með virðisaukaskatti á A, B og C vegna þeirrar þjónustu sem félagið selur móður- og systurfélögum sínum. Vegna þessa safnast upp virðisaukaskattur hjá félögum A og C þar sem þau félög verða eftir skiptingu ekki í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Ef félagið væri rekið sem eitt fyrirtæki þá hefði


bókhaldsdeildinni ekki borið að innheimta virðisaukaskatt vegna vinnu fyrir deildar innan A. A, B og C gætu komist hjá því að innheimta virðisaukaskatts vegna þeirrar starfsemi sem fram á að fara hjá D með því að reka bókhaldsdeildir innan sinna raða. Af því getur hins vegar hlotist óhagræði og viðbótarkostnaður.

Ef félögin væru samskráð á virðisaukaskattsskrá þá bæri D ekki að innheimta virðisaukaskatt vegna þeirrar þjónustu sem það veitir A, B og C. Allar almennar reglur virðisaukaskatts gilda um starfsemi sem fellur undir regluna um samskráningu, m.a. reglur um blandaða starfsemi. Hin samskráðu félög myndu fá sama hlutfall innskatts og þau fengu fyrir skiptingu. Engin breyting yrði á innskatti og með vísan til þess yrði ríkið ekki af tekjum vegna þessa.

Annað dæmi má nefna: A er hlutafélag sem stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi. A er skipt upp í hlutafélögin A og B. Eina starfsemi A verður að eiga hlutabréf í B og B verður rekstrarfélag sem stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi. Fyrir skiptingu var innskattsréttur A 100%. Eftir skiptingu mun innskattsréttur A og B lækka þar sem A verður eftir skiptingu utan virðisaukaskattskerfisins, þ.e. stundar ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi. Ýmis kostnaður sem safnast upp hjá A tengist hins vegar með beinum hætti virðisaukaskattsskyldri starfsemi B.

Ef frumvarp það sem lagt hefur verið fram verður að lögum þá verður engin breyting á þeirri mismunun sem er til staðar í núgildandi lögum, sbr. ofangreind dæmi.

Virðingarfyllst,



KPMG

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/12
komudagur 3.11.2004

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. nóvember 2004.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. 131. löggjafarþing 2004–2005. Þskj. 159—159. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 20. október 2004, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

Dagsetning
01.11.2004


Tilvísun
A-8
LÖ/mb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar frá 22. október 2004 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 159. mál, samskráning hlutafélaga.

Í nefndu frumvarpi er lagt til að heimilt verði að samskrá móður- og dótturfélög á virðisaukaskattsskrá að vissum skilyrðum uppfylltum. Tilgangurinn að baki heimildinni mun vera sá að fyrirtæki, sem af rekstrarlegum ástæðum skipta starfseminni í tvö eða fleiri félög, geti starfað sem ein skattaleg eining þannig að virðisaukaskattur allra félaganna verði ekki hærri í heildina en hann hefði orðið ef öll starfsemin hefði verið rekin í einu félagi.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa varðandi frumvarp þetta.


Sý. Þóð —


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍKDAGSETNING
Reykjavík, 4. nóvember 2004 2004100309
TILVÍSUN
G-ums 07/04**Umsögn um 159. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.**

Í bréfi dagsettu 20. október 2004 óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 159. mál. Fer hún hér á eftir.

Í frumvarpinu er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 5. gr. A, þess efnis að tvö eða fleiri skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög geti fengið heimild skattstjóra til að vera samskráð á virðisaukaskattsskrá að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæðið er sambærilegt 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt að því leyti að gert er ráð fyrir því að samskráning á virðisaukaskattsskrá taki til sömu aðila og samsköttun félaga skv. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003 og að sambærilegum skilyrðum uppfylltum. Þó þannig að eðli málsins samkvæmt er gert ráð fyrir því að umsókn um heimild til samskráningar á virðisaukaskattsskrá berist skattstjóra fyrir upphaf fyrsta rekstrarárs sem samskráningu er ætlað að taka til, andstætt umsókn um samsköttun á tekjuskatti sem, skv. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, verður að berast skattstjóra eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að samsköttun taki til.

Ríkisskattstjóri hefur kynnt sér frumvarpið, einkum þau atriði er varðað geta framkvæmdarlega þætti samskráningarinnar og hefur ekki fram að færa athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra
Sigurjón Högnason
Guðrún Þorleifsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 131/161
komudagur 23. 11. 2004

DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. nóvember 2004 2004110231
G-ums 09/04

Umsögn um 159. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og umsögn KPMG endurskoðunar hf. um frumvarpið.

Í bréfi dagsettu 16. nóvember 2004 óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, 159. mál. Einnig er í bréfinu óskað eftir athugasemdum um umsögn KPMG endurskoðunar hf. vegna frumvarpsins. Ríkisskattstjóri hefur áður, að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar veitt umsögn um sama frumvarp með bréfi dagsettu 4. nóvember 2004 (tilvísun G-ums 07/04). Í ljósi framkominna athugasemda KPMG þykir ástæða til að gera ítarlegri grein fyrir afstöðu ríkisskattstjóra til frumvarpsins og forsendum fyrir þeirri afstöðu.

Kveðið er á um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila í 5. gr. laga nr. 50/1988 (vsk-laga). Ákvæðið byggir á þeirri afmörkun á virðisaukaskattsskyldum aðilum sem fram er sett í 3. gr. laganna og er að meginreglu sú að skylda til að innheimta virðisaukaskatt og skila honum í ríkissjóð hvíli á þeim sem í atvinnuskyni selja vörur eða þjónustu sem fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts. Forsendan um atvinnuskyn endurspeglast í ákvæði 5. mgr. 5. gr. laganna þar sem kveðið er á um að ekki skuli skrá aðila ef samanlagðar tekjur hans af sölu virðisaukaskattsskyldrar vöru eða þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar.

Á virðisaukaskattsskyldum aðilum hvílir, skv. 1. mgr. umræddrar 5. gr., skylda til að tilkynna atvinnurekstur sinn (starfsemi sína) til skráningar hjá skattstjóra. Á grundvelli tilkynningar færir skattstjóri viðkomandi á grunnskrá virðisaukaskatts vegna atvinnurekstrarins. Grunnskrá virðisaukaskatts er því skrá yfir virðisaukaskattskyldan atvinnurekstur og þá sem hann stunda.

Reki virðisaukaskattsskyldur aðili starfsemi í fleiri en einni starfsgrein skal hann skila virðisaukaskatti sérstaklega fyrir hverja starfsgrein eftir nánari ákvörðun skattstjóra, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 24. gr. vsk-laga. Starfsemi í hverri og einni starfsgrein skal þá eftir ákvörðun skattstjóra skráð sérstaklega á grunnskrá virðisaukaskatts og virðisaukaskattur gerður upp á virðisaukaskattsskýrslum, einni fyrir hverja starfsgrein (skráningu). Skráningar rekstraraðilans geta því verið jafnmargar og starfsgreinarnar sem hann stundar rekstur í.

Í 1. mgr. 6. gr. vsk-laga er fjármálaráðherra heimilað að setja reglur um að fyrirtæki sem selja þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti, þ.e. fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts skv. ákvæði 3. mgr. 2. gr. vsk-laga, geti farið fram á frjálsa skráningu. Fjármálaráðherra hefur nýtt þessa heimild sína varðandi tvö tilvik. Annars vegar hefur hann með ákvæðum um frjálsa skráningu í reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka

skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, kveðið á um að þeir sem í atvinnuskyni leigja út fasteign, aðra en íbúðarhúsnæði, geti fengið frjálsta skráningu vegna þeirrar útleigu. Þýðing þeirrar frjálstu skráningar er að innheimta ber virðisaukaskatt af leigugjaldi og skila þeim skatti í ríkissjóð að frádregnum, í formi innskatts, þeim virðisaukaskatti sem fellur til vegna kaupa á vörum og þjónustu vegna endurbóta og viðhalds eignarinnar, svo og rekstrar- og stjórnunarkostnaðar sem varðar eignina. Hins vegar hefur fjármálaráðherra með reglugerð nr. 63/1994 um frjálsta skráningu vegna fólksflutninga milli landa, með síðari breytingum, kveðið á um heimild til frjálstrar skráningar til handa þeim sem í atvinnuskyni hafa með höndum reglubundna fólksflutninga milli landa. Þýðing þeirra frjálstu skráningar er að þrátt fyrir að ekki beri að innheimta virðisaukaskatt af fargjaldi getur fólksflutningafyrirtækið talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur til við kaup þess á vörum og þjónustu til starfseminnar sem frjálsta skráningin tekur til. Frjálstar skráningar af umræddum toga eru óháðar því hvort sá er þær hlýtur er skráningarskyldur vegna annarrar starfsemi sem hann hefur með höndum, eða ekki. Frjálstri skráningu, og virðisaukaskattsskilum á grundvelli hennar, er haldið aðgreindri frá annarri skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts sé henni til að dreifa.

Á sama hátt er haldið aðgreindri frá annarri skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts sérstakri skráningu vegna byggingar fasteignar til sölu eða leigu, sbr. ákvæði þar um í áðurnefndri reglugerð nr. 577/1989 sem ráðherra setti á grundvelli heimildar í 4. mgr. 6. gr. vsk-laga.

Skilningur ríkisskattstjóra á frumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi á þingskjali 159 er að ákvæði þess, verði frumvarpið að lögum, muni ekki breyta þeirri skyldu að skila virðisaukaskatti sérstaklega fyrir hverja starfsgrein, enda eru í frumvarpinu ekki lagðar til breytingar á 24. gr. vsk-laga. Félög sem uppfylla skilyrði til samskráningar verði færð á grunnskrá virðisaukaskatts sérstaklega vegna hversrar starfsgreinar sem þau reka starfsemi í. Hver og ein slík skráning yrði í nafni móðurfélags. Þá er skilningur ríkisskattstjóra sá að heimild til samskráningar sé eingöngu ætlað að taka til skyldubundinnar skráningar, en hvorki til frjálstrar skráningar né sérstakrar skráningar. Er sá skilningur í samræmi við niðurlagsorð almennra athugasemda við frumvarpið.

Skilningur ríkisskattstjóra er að þær breytingar sem lagðar eru til hafi þau áhrif á virðisaukaskattsskil samskráðra félaga að félögunum beri ekki að innheimta virðisaukaskatt í viðskiptum sín í milli og þá óháð því hvort þau reka starfsemi innan sömu starfsgreinar eða í sinni starfsgreininni hvort/hvert, þ.e. óháð því hvort um eina skráningu er að ræða eða fleiri.

Í umsögn KPMG endurskoðunar hf. við frumvarpið segir um frumvarpið, eins og það liggur fyrir nú, að væntanleg lagabreyting komi til með að hafa lítil sem engin áhrif á starfsemi íslenskra hlutafélaga og einkahlutafélaga og að líkindum muni fá eða engin fyrirtæki nýta sér þá heimild sem verið er að leggja til og lagasetningin þar af leiðandi því sem næst tilgangslaus. Við þessi orð KPMG verður að gera þann fyrirvara að þau eru með öllu órökstudd. Í umsögninni er lögð mikil áhersla á það að heimila þurfi samskráningu virðisaukaskattsskyldra hlutafélaga og einkahlutafélaga með hlutafélögum og einkahlutafélögum sem ekki eru skráningarskyld á virðisaukaskattsskrá. Ríkisskattstjóri bendir á að slík samskráning samræmist illa þeim grundvallareglum vsk-laga sem gilda um skráningu á virðisaukaskattsskrá og raktar voru hér á undan.


Í umsögninni er vísað til danskra laga um virðisaukaskatt og tekið fram að skv. þeim sé heimilt að samskrá móður- og dótturfélög þrátt fyrir að annað þeirra sé ekki í

virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Um þetta atriði vill ríkisskattstjóri taka fram að telja verður mjög nærtækt að horft sé til danskra laga um virðisaukaskatt þegar hugað er að breytingum á íslenskum lögum um virðisaukaskatt, ekki síst í ljósi þess hve mikið mið var tekið af dönskum lögum um virðisaukaskatt við upptöku virðisaukaskatts á Íslandi. Við þetta verður þó að gera þann fyrirvara að íslenskum lögum hefur ekki verið breytt til samræmis við breytingar á dönsku lögnum á undanförunum árum. Þess vegna verður að gjalda varhug við því að taka upp eitt ákvæði dönsku laganna án þess að hugað sé að samanburði á lögnum að öðru leyti. Þetta á ekki síst við þegar um er að ræða breytingar sem stangast verulega á við orðalag grundvallarákvæða íslensku laganna um virðisaukaskatt. Í því tilviki sem hér er til skoðunar hefði t.a.m. þurft að bera í heild saman danskar og íslenskar reglur um skráningu og heimildir til færslu innskatts í blandaðri starfsemi (þ.e. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti).

Í ljósi ákvæða um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, þ.m.t. 5. mgr. 24. gr., í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er vandséð hvaða tilgangi það á að þjóna að heimila samskráningu virðisaukaskattsskyldra hlutafélaga og/eða einkahlutafélaga með hlutafélögum og/eða einkahlutafélögum sem ekki eru skráningarskyld eins og KPMG endurskoðun hf. leggur til. Það að starfsemi fyrirtækis sé haldið utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts felur í sér að fyrirtækinu ber ekki að innheimta virðisaukaskatt við sölu en jafnframt að fyrirtækið fær ekki aflétt virðisaukaskatti af aðföngum til starfseminnar í formi innskatts. Fyrirtækið hefur þannig stöðu endanlegs neytanda að því er virðisaukaskatt varðar. Það væri grundvallarbreyting ef félagi væri ætlað að njóta innskattsréttar í óskattsskyldri starfsemi sinni fyrir tilstilli samskráningar með virðisaukaskattsskyldu félagi. Slíkur innskattsréttur fæli í sér röskun á samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja er hefðu samskonar starfsemi með höndum, en uppfylltu ekki skilyrði til samskráningar. Jafnframt er ástæða til að óttast að tillögur KPMG endurskoðunar hf., yrði á þær fallist, muni hvetja til þess að félög verði samskráð í þeim tilgangi einum að freista þess að færa til innskatts virðisaukaskatt sem fellur til vegna kaupa á aðföngum til starfsemi sem ekki er skráningarskyld og breytingin muni því í reynd leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð.

Ríkisskattstjóri telur að frumvarpið, eins og það liggur fyrir í þingskjali 159, sé til þess fallið að ná þeim markmiðum sem því er ætlað skv. athugasemdum við frumvarpið og að tillögur þess falli vel að gildandi rétti. Ríkisskattstjóri varar við því að ráðist verði í þær róttæku breytingar á frumvarpinu sem KPMG endurskoðun hf. leggur til enda samræmast þær illa gildandi lögum um virðisaukaskatt.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Sigurjón Högnason


Guðrún Þorleifsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 131/344
komudagur 2.12.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. desember 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, vanskil á vörslufé, 159. mál, samskráning félaga.

Samkvæmt frumvarpinu er skráningarskyldum félögum heimiluð samskráning í virðisaukaskattskrá. Samtök atvinnulífsins telja of þröngt að afmarka heimildina við skráningarskyld félög og leggja til að heimild verði einnig að samskrá skráningarskyld félög og félög sem ekki eru það. Rökin fyrir þessari útvíkkun eru m.a. þau að félög sem kjósa að skipta sér upp í einingar sem eru bæði skráningarskyldar og ekki skráningarskyldar greiða hærri virðisaukaskatt eftir þá breytingu nái frumvarpið fram að ganga. Að öðru leyti vísa SA í ítarlega greinargerð KPMG um málið, dags. 15. nóvember 2004, og styðja þau sjónarmið sem þar koma fram.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson

Alþingi
Erindi nr. P 130/13
komudagur 3.11.2004



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries


Reykjavík, 1. nóvember 2004

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 159. mál.

Samtök iðnaðarins styðja að breyting sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og felur í sér heimild til samskráningar móður- og dótturfyrirtækja á virðisaukaskattskrá, nái fram að ganga.

Ætla má að breytingin geti orðið til verulegs hagræðis fyrir fyrirtæki sem af rekstrarlegum ástæðum skipta rekstrinum í tvö eða fleiri félög geti eftir sem áður starfað sem ein heild að því er varðar innheimtu og skil virðisaukaskatts.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/284
komudagur 30.11.2004



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSSETNING

SEB/eeg/04/3044

29.11.2004

Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 159. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um virðisaukaskatt 159. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

u m s ö g n :

Í frumvarpinu eru lögð til sú breyting að skráningarskyldum hlutafélögum og einkahlutafélögum verði heimiluð samskráning á virðisaukaskattsskrá að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Frumvarpið eins og það er nú orðað er líklegt til að vera aðilum til þæginda þar sem ekki þarf að innheimta og skila virðisaukaskatti milli tengdra aðila sem yrðu framvegis samskráð.

Full ábyrgð á skattgreiðslum er tryggð, sbr. 2. málsli. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins mælir með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,


Skúli Eggert Þóðarson

Skattstjórinn í Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 131/160

komudagur 23.11.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. nóvember 2004

Með bréfi efnahags-og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 16. nóvember 2004, er þess farið á leit við skattstjórnann í Reykjavík að hann veiti umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 159. mál, samskráning hlutafélaga. Þá er enn fremur óskað eftir athugasemdum við umsögn frá KPMG endurskoðun hf. um frumvarpið.

Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir því að skattstjóri geti heimilað að tvö eða fleiri skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög verði samskráð. Skilyrði samskráningarinnar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins. Móðurfélagið skal sjá um uppgjör, skil og álagningu virðisaukaskatts en öll félögin bera óskipta ábyrgð á greiðslu virðisaukaskatts á grundvelli samskráningarinnar. Viðskipti milli samskráðra félaga hafa ekki í för með sér skyldu til að innheimta og skila virðisaukaskatti.

Skattstjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir og telur að það geti verið til hagsbóta fyrir skráningarskyld félög þar sem ekki þarf að innheimta og skila virðisaukaskatti milli samskráðra félaga.

Í umsögn KPMG endurskoðun hf. er lagt til að inn komi nýr 2. málslíður 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem orðist svo:

Skattstjóri getur heimilað að skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög, sbr. 1. mgr. 5. gr. verði samskráð með hlutafélögum og einkahlutafélögum sem ekki eru skráningarskyld, m.a. hlutafélögum og einkahlutafélögum sem falla undir 5. mgr. 5. gr. þar sem tekjur af sölu á skattskyldri vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar.

Þá er einnig lagt til að inn komi nýr 2. málslíður 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem orðist svo:

Sala á vörum og þjónustu til samskráðs félags sem ekki er skráningarskyld er virðisaukaskattsskyld að því undanskyldu að þjónusta sem ekki telst skattskyld skv. 2. mgr. 3. gr. er undanþegin virðisaukaskatti.

Fyrri breytingartillagan um heimild skattstjóra til að veita samskráningu skráningarskyldra félaga og þeirra sem ekki eru skráningarskyld er byggð á sambærilegum lagaákvæðum sem tóku gildi í Danmörku á árunum 2003 og 2004. Dönsku ákvæðin eru samin með hliðsjón af sjöttu tilskipun Evrópusambandsins sem heimilar aðildarríkjum ESB að ákvarða að virðisaukaskattsskyldir tengdir aðilar sem eru sjálfstæðar lögpersónur geti verið skráðar sem ein eining með tilliti til virðisaukaskatts.

Skattstjóri telur rétt eins og á stendur að skoða ofangreinda breytingartillögu nánar og kanna hvernig til hefur tekist með framkvæmdina í Danmörku. Auk þess gæti verið

ástæða til að skoða samskráningarákvæði í norskum lögum virðisaukaskatt þar sem Noregur er ekki aðili að Evrópusambandinu.

Siðari breytingartillagan virðist vera sett fram í þeim tilgangi að áréttu að sala á vörum og þjónustu til samskráðs félags sem ekki er skráningarskyld sé virðisaukaskattsskyld að því undanskyldu að þjónusta sem ekki telst skattskyld skv. 2. mgr. 3. gr. er undanþeginn virðisaukaskatti, svo sem almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færsla eigin bókhalds og rafræn gagnavinnsla. Þessar tvær breytingartillögur eru svo samtvinnnaðar að skattstjóri vísar til fyrri röksemda og telur á sama hátt að ástæða sé til að kanna framkvæmdina í Danmörku og Noregi áður en lengra verður gengið.

F.h. skattstjórans í Reykjavík



Kristín Norðfjörð

skrifstofustjóri virðisaukaskattsskrifstofu



15. nóvember 2004.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/114
komudagur 17.11.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Vísað er til bréfs, háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. nóvember sl., þar sem embættinu er sent til umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 159. mál.

Embættið telur ekki ástæðu til að gefa umsögn um framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen

Alþingi
Erindi nr. P 131/22
komudagur 8.11.2004



**VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2004

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 50/1988 um vsk. (159. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að heimiluð verði samskráning á virðisaukaskattskrá skráningarskyldra hlutafélaga og einkahlutafélaga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Verslunarráð vill gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Ákvæði frumvarpsins um samsköttun er of þröngt að áliti Verslunarráðs. Hér skal vísað til þess að einungis þau félög sem eru skráningarskyld hafa þessa heimild, þ.e. þau félög sem hafa fengið heimild til frjálsrar skráningar t.d. vegna útleigu á fasteign falla utan ákvæðisins.

Eins og að framan segir eru það einungis skráningarskyld félög sem geta óskað eftir samskráningu. Þetta þýðir að félögum sem hefur verið skipt upp vegna mismunandi starfsemi, þar sem starfsemi er skráningarskyld í einu félagi en undanþegin í öðru vegna skiptingarinnar munu ekki geta fengið samskráningu.

Verslunarráð veltir einnig fyrir sér hvernig fer með félög sem eru í blandaðri starfsemi. Mun hlutfallstala innskatts verða miðuð við hlutfallið af skattskyldri starfsemi í samstæðunni eða verður engin breyting þar á?

Samkvæmt 4. mgr. frumvarpsins bera félögin óskipta ábyrgð á virðisaukaskatti hvors annars. Þýðir þetta að hægt verði að gera fjárnám í eignum allra félaganna vegna vangoldins skatts? Verslunarráði þykir slíkt úrræði ganga of langt og telur að skipt ábyrgð sé nægjanleg.

Þar sem öll félögin í samskráningunni verða samábyrg fyrir skattinum, telur Verslunarráð ekki koma skýrt fram hverjir beri refsíábyrgð samkvæmt virðisaukaskattslögum eftir slíka breytingu,

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is



þ.e. hvort t.d. framkvæmdastjórar allra félaganna beri óskipta refsíabyrgð eða einungis framkvæmdastjóri móðurfélagsins.

Í athugasemdum í greinargerð frumvarpsins segir að skráningin taki einungis til skyldubundinnar skráningar skv. 5. gr. laganna en ekki frjálsrar eða sérstakrar skráningar á grundvelli 6. gr. laganna. Verslunarráð telur að slíkt ákvæði þrengi verulega að samskráningu sér í lagi þar sem innan félagasamsæðna eru oft rekin sérstök fasteignafélög utan um fasteignir til nota fyrir rekstur annarra félaga innan samstæðu.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigprúður Ármann